



Landssamband æskulýðsfélaga

18. fundur framkvæmdastjórnar 2008 – 2009

Haldin á skrifstofu LÆF, Hinu Húsinu

29. apríl 2009

Mættir: Jón Þorsteinn Sigurðsson (JPS), Sindri Snær Einarsson (SSE) og Raket Brynjólfsdóttir (RB). Auk þess sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri fundinn. Pálína Björk Matthíasdóttir (PBM) boðaði forföll en hún var fyrir hönd LÆF stödd á ráðstefnu í Georgíu.

Fundur settur: 12:03

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð s.l. fundar lesin upp og samþykkt

JPS fór yfir fundargerðina og hún var samþykkt án athugasemda.

2. Framkvæmdastjóri LÆF

HTF sagði frá því að hún hefði fundað með Martin Uthaug (MU) sem hefur áhuga á að gerast sjálfboðaliði hjá LÆF í tvo og hálfan mánuð. HTF sagði frá því að hún og MU hefðu komið sér saman um að hann ynni helst að alþjóðamálum og hans megin verkefni væri að fara í gegnum plögg frá YFJ og Evrópusambandinu um ungt fólk og mikilvægi þess fyrir samfélagið og ynni úr því röksemda færslu sem LÆF gæti notað í vinnu sinni. Auk þess ætlar MU að gera leiðbeiningar við umsóknir um styrki í Evrópu unga fólksins og NORDBUK. Í fylgiskjali I er að vinna uppkast að vinnuplani fyrir MU.

3. Laganefnd LÆF

HTF fór í gegnum tillögur sem laganefnd hafði unnið að en þær voru að mestu tilbúnar Ánægja var með tillögurnar. JPS sagði að góð vinna hefði farið fram í nefndinni. Stjórnin bað um að fá endanlegar tillögur sendar.

4. Alþjóðamál

HTF sagði frá því að COMEM fundur YFJ væri í byrjun maí en þegar hafði verið ákveðið að hún sæti fundinn fyrir hönd LÆF. HTF sagði frá því að hún myndi sitja vinnuhóp um nýtt atvinnumálaverkefni YFJ á fundinum.

HTF sagði frá því að PBM væri á leið til Georgíu á ráðstefnu á vegum YFJ.

SSE spurði um atvinnumála verkefni YFJ. HTF sagði að það væri ekki mikið mótað og vonaðist til að fá betri upplýsingar á COMEM.

5. Sambandsþing LÆF

Lagður var fram ársreikningur LÆF fyrir árið 2008 og stjórn samþykkti hann með undirritun sinni.

Rætt var um skipulagsatirði vaðandi þingið svo sem fundarstjórn, fundarsal, framsetningu fundargagna og fleira. Hugmynd kom upp um að halda hann í húsnæði KSH og var RB falið að athuga það mál.

JÞS spurði um kjörnefnd og HTF svaraði að enginn hefði gefið kost á sér í hana.

RB sagði frá því að áhugi væri á starfi LÆF innan KSH og setu í fulltrúaráði.

Rætt var um að leggja til við Sambandsþing að kosið yrði eftir nýjum lögum strax á þinginu sjálfu. Samþykkt að gera það.

Rætt um að SSE yrði með erindi um atvinnumál á þinginu. Ekki tekin endanlega ákvörðun.

6. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

Enginn bréf höfðu borist.

7. Önnur mál

a) HTF sagði frá því að hún yrði í frí frá 30. apríl til 10. maí.

b) JÞS lagði til að næsti fundur yrði miðvikudaginn 13. maí n.k. kl. 12:00. Samþykkt.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 12:47

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz